



Stjórnarráð Íslands  
Innviðaráðuneytið

**Ársreikningar sveitarfélaga árið 2021**  
**Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga**

Desember 2022

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	1
2. Eftirlitsnefndin .....	2
3. Þróun fjármála sveitarfélaga .....	5
3.1 Heildartekjur.....	5
3.2 Rekstrargjöld .....	6
3.3 Framlegð (EBITDA) .....	8
3.4 Skuldir og skuldbindingar .....	10
3.5 Rekstrarniðurstaða.....	12
3.6 Veltufé frá rekstri .....	13
4. Viðmiðanir, lágmarksviðmið og lykiltölur .....	17
5. Yfirlit um helstu fjárhæðir og kennitölur.....	20
Samantekin reikningskil allra sveitarfélaga.....	20
A-hluti    Samanburður á ársreikningum 2020 .....	21
A- og B-hluti    Samanburður á ársreikningum 2020 .....	29

# 1. Inngangur

Í skýrslunni er fjallað um ársreikninga ársins 2021 og þróun fjármála sveitarfélaga á því ári með samanburði við fyrri ár og samanburði við útkomuspá fyrir árið 2022. Yfirlit um fjármál einstakra sveitarfélaga fyrir árið 2021 er að finna í 5. kafla skýrslunnar. Eins og kunnugt er ber sveitarfélögum að skila til ráðuneytisins ársreikningi 2021 eigi síðar en 20. maí ár hvert. Vegna tímasetningar á skilum ársreikninga þykir eftirlitsnefndinni rétt að tímasetja ársskýrslu nefndarinnar á milli ára og fjalla um störf hennar fyrir tímabilið október til september ár hvert.

Auk skoðunar á samstæðu A- og B-hluta hefur eftirlitsnefndin sérstaklega skoðað A-hluta sveitarfélaga. Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga um jafnvægi í rekstri og skuldir miðast við A- og B-hluta en ljóst er að andi laganna er að sömu viðmið eigi við um rekstur A-hluta þar sem skatttekjum er ætlað að standa undir megin hluta rekstrarútgjalda þótt það sé ekki orðað þannig beint í lögnum.

Eins og fyrr var megin áherslan í störfum nefndarinnar vegna fjárhagslegra viðmiða sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og ákvæða í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum er sveitarstjórn heimilt að víkja frá skilyrðum um jafnvægisreglu og skuldaviðmið fyrir árin 2020-2025. Við lok ársins 2021 starfaði eitt sveitarfélag eftir ákvæðum um aðlögun að fjárhagslegum viðmiðum.

Við yfirferð á fjármálum sveitarfélaga verður ekki annað séð en samanlögð rekstrarniðurstaða ársins 2021 var nokkuð svipuð og á árinu 2020. Covid faraldurinn hélt áfram að hafa áhrif á rekstur sveitarfélaga á árinu 2021. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum lækkar milli ára og er fyrir neðan lágmarksviðmið eftirlitsnefndar fyrir A-hluta. Nettó skuldir hækka milli ára bæði í krónum og sem hlutfall af heildartekjum. Staða einstakra sveitarfélaga er misjöfn en á heildina litið var árið 2021 fjárhagslega erfitt ár líkt og árið 2020 fyrir sveitarfélögin miðað við árin 2017-2019.

## 2. Eftirlitsnefndin

### Skipan eftirlitsnefndar í september 2022

#### Aðalmenn

Þórir Ólafsson, formaður  
Gerður Guðjónsdóttir  
Oddur G. Jónsson

#### Varamenn

Helga Sigríður Böðvarsdóttir  
Hanna Dóra Hólm Másdóttir  
Páll Guðjónsson

#### Starfsmaður

Gústav Aron Gústavsson

Sigurður Ármann Snævarr og Jóhannes Á. Jóhannsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sitja fundi nefndarinnar.

#### Starfsemin

Á starfstímabili eftirlitsnefndarinnar október 2021 til september 2022 hélt nefndin samtals 14 fundi og fundaði þrisvar sinnum með forsvarsmönnum sveitarfélaga. Til samanburðar á starfstímabilinu 2020-2021 voru fundir nefndarinnar 22 og fundað sex sinnum með forsvarsmönnum sveitarfélaga.

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árin 2022-2025 voru til umfjöllunar hjá nefndinni og úrvinnsla og yfirferð ársreikninga fyrir árið 2021. Við yfirferð fjárhagsáætlana var lögð áhersla á þau sveitarfélög sem voru með neikvæða rekstrarniðurstöðu, neikvæða framlegð og neikvætt veltufé frá rekstri.

Eftirlitsnefndin hefur sérstaklega skoðað A-hluta sveitarfélaga. Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga um jafnvægi í rekstri og skuldir miðast við A- og B-hluta en ljóst er að andi laganna er að sömu viðmið eigi við um rekstur A-hluta þar sem skatttekjum er ætlað að standa undir megin hluta rekstrarútgjalda. Við lok ársins 2021 starfaði eitt sveitarfélag eftir ákvæðum um aðlögun að fjárhagslegum viðmiðum.

Í megin atriðum var ársreikningum skilað fyrir tilskilin tímamörk en tilvik eru að því að ársreikningum hafi verið skilað eftir þau. Dráttur á skilum ársreikninga leiða til tafa á að eftirlitsnefndin geti klárað yfirferð sína. Óásættanlegt er að ársreikningum sé ekki skilað en með því skortir eftirlitsnefndina þær upplýsingar sem hún leggur til grundvallar við störf sín. Ársreikningar hafa allir verið áritaðir um endurskoðun.

## **Endurskoðunarskýrslur**

Eftirlitsnefndinni hafa borist skýrslur endurskoðenda allra sveitarfélaga sem skilað hafa ársreikningi 2021. Í sveitarstjórnalögum er gert ráð fyrir að endurskoðendur upplýsi eftirlitsnefndina sérstaklega um öll frávik frá lögum og reglum hjá sveitarfélagi sem þeir verða áskynja um í störfum sínum. Engar slíkar ábendingar endurskoðenda hafa borist nefndinni. Eftirlitsnefndin hefur í starfsstefnu sinni að yfirfara skýrslur endurskoðenda varðandi upplýsingar sem þar koma fram og varða fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaganna. Algengustu ábendingar sem fram koma í skýrslum endurskoðenda sveitarfélaganna eru um gerð viðauka þar sem ekki er farið eftir því regluverki sem um þá gilda, ábending um skort á aðgreiningu starfa sem lið í innra eftirliti og ábending um skort á gerð yfirlits vegna ábyrgða og skuldbindinga.

Regluverk um gerð viðauka á að vera skýrt og því ætti ekki að vera vandkvæðum bundið að fylgja því. Eins er ljóst að með fjárhagsáætlunum og viðaukum við þær eru sveitarstjórnir að veita starfsmönnum sveitarfélagsins heimildir sem þarf til reksturs sveitarfélagsins. Það ætti því að vera krafa af beggja hálfu, sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga að fylgja því regluverki sem um þetta gildir. Annars vegar fyrir sveitarstjórnarmenn að tryggja að rétt sé staðið að rekstrinum, þ.e. að byggt sé á áætlunum og hins vegar af hálfu starfsmanna að þeir hafi skýrar fjárheimildir til þess sem þeir eru að gera. Í þessu felst lágmarksvirðing fyrir almannafé.

Varðandi aðgreiningu starfa þá má vera ljóst að vegna fárra starfsmanna sumra sveitarfélaga verður ekki alltaf hægt að koma við þeirri aðgreiningu starfa sem þyrfti. Viðbrögð við því gætu verið að þar sem tilskilinni aðgreiningu starfa verður ekki við komið, að beitt verði þar öðrum innri eftirlitsaðgerðum, svo sem með því að sveitarstjórn kallaði eftir frekari upplýsingum í þeim tilvikum. Í skýrslum endurskoðenda er almennt ekki gerð grein fyrir hvaða innra eftirlit hafi komið í stað aðgreiningar starfa. Rétt er að taka fram að tilvik voru að því í skýrslum endurskoðenda að gerð væri grein fyrir því og niðurstöðum úttektar þess.

## **Ábyrgða- og skuldbindingayfirlit**

Í sveitarstjórnarlögum er gerð krafa um að sveitarstjórnir taki saman yfirlit um ábyrgðir í lok árs. Í 15. gr. reglugerðar 1212/2015 er fjallað um ábyrgða- og skuldbindingayfirlit. Þar segir að sveitarfélag skal árlega útbúa ábyrgða- og skuldbindingayfirlit í samræmi við fylgiskjal IV. Yfirlitið skal miða við upplýsingar í árslok og skal það staðfest af sveitarstjórn samhliða staðfestingu ársreiknings hvers árs og skilað til ráðuneytis samhliða skilum ársreiknings. Í yfirlitinu skulu koma fram upplýsingar um verkefni sem rekin eru á ábyrgð sveitarfélagsins. Einnig skulu koma fram upplýsingar um ábyrgðir sem sveitarfélagið hefur veitt til fyrirtækja eða verkefna. Fyrir hvert fyrirtæki eða verkefni skal veita samandregnar fjárhagsupplýsingar. Jafnframt skulu koma fram upplýsingar um hlutfall ábyrgðar í hverju og einu verkefni eða fjárhæð veittrar ábyrgðar. Í skýringum ársreiknings sveitarfélags skulu talin upp verkefni með ábyrgð sveitarfélagsins. Jafnframt skal veita upplýsingar um fjárhæðir ábyrgða sem sveitarfélagið hefur veitt.

Við yfirferð eftirlitsnefndarinnar á ársreikningum sveitarfélaga er ljóst að mikill misbrestur er á að yfirlit í samræmi við ofangreind ákvæði séu til staðar og nauðsynlegt að óska úrbóta vegna þessa.

## Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar hafa haft mikil áhrif á fjármál sveitarfélaga á undanförunum árum og langt umfram breytingar á undirliggjandi þáttum. Að hluta er það vegna þess að forsendur sem miðað er við, eru ekki aðlagðar að rétthafahópnum og lokum reikningsskilatímabils, og ekki er tekið tillit til framtíðarávinnings sem þegar hefur fallið til. Í alþjóðlegum staðli IAS 19 sem er hluti af IFRS-stöðlunum og er skv. ársreikningalögum „settar reikningsskilareglur“ er aðferðafræði við útreikninga lífeyrisskuldbindingar lýst. Af breytingum undangenginna ára má vera ljóst að ákvæðum IAS 19 hefur ekki verið fylgt. Nauðsynlegt er fyrir sveitarfélög sem eru með lífeyrisskuldbindingar að þær vísi til ákvæða staðalsins í ráðningarbréfi við tryggingarstærðfræðinga sem reikna út lífeyrisskuldbindinguna. Með þeim hætti væri tryggt að lífslíkutöflur sem byggt er á yrðu á tryggingafræðilegum forsendum aðlagðar að rétthafahópnum, séu lífslíkur hans aðrar en þjóðarinnar í heild (eða þess hóps sem lífslíkutaflan á við). Auk þess að færa lífslíkutöflu til þess tímapunktur sem útreikningurinn miðast við ásamt því að horfa til breytinga þeirra út lífslíkutímamann og að gefnar væru forsendur um þróun launa út lífslíkutímamann, þ.m.t. staðgengilslaun eigi slíkt viðmið við.

Þar sem miklar sveiflur eru í gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga milli ára væri til skýringar á því rétt að sundurliða gjaldfærslur í tryggingafræðileg frávík og aðrar breytingar.

Misjafnt er milli sveitarfélaga hvort næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindinga séu tilgreindar meðal skammtímaskulda.


### 3. Þróun fjármála sveitarfélaga

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þróun fjármála sveitarfélaga árin 2017 til 2021 sem heild ásamt útkomuspá 2022. Í umfjöllun eru fjárhæðir annars vegar vegna A-hluta reikningsskila og hins vegar fyrir samstæðu reikningsskila A- og B-hluta og eru þær settar fram í sviga. Allar fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs og því er nauðsynlegt að hafa í huga verðlagsþróun á tímabilinu við samanburð fjárhæða. Rétt er að ítreka að samantekt þessa kafla er ætlað að gefa yfirlit um þróun fjármála sveitarfélaga í heild en í kafla 5 má sjá upplýsingar fyrir hvert sveitarfélag.


#### 3.1 Heildartekjur

Heildartekjur sveitarfélaganna hafa á tímabilinu 2017-2021 aukist úr 315 milljörðum króna (A+B 405) í 404 milljarða króna (A+B 506) eða um 28% (A+B 25%).

#### Mynd 1



## Mynd 2




Hækkun heildartekna milli ára 2020 og 2021 var um 9,8% (7,7%). Samkvæmt útkomuspá 2022 er gert ráð fyrir að heildartekjur hækki um 8,4% (9,2%). Myndir 1 og 2 sýna þessa þróun ásamt sundurliðun á helstu tekjustofnum sveitarfélaganna. Þegar horft er til þróunar á heildartekjum og verðlagsþróunar árin 2017-2021 er ljóst að rauntekjur sveitarfélaganna hafa hækkað á þessu tímabili þar sem vísitala neysluverðs hefur hækkað um 14% á tímabilinu 2017-2021, en heildartekjur um 28%.

### 3.2 Rekstrargjöld


Rekstrargjöld sveitarfélaganna (án afskrifta) hafa á tímabilinu 2017-2021 aukist úr 285 milljörðum króna (A+B 331) í 389 milljarða króna (A+B 436), eða um 37% (32%). Myndir 3 og 4 sýna þróunina árin 2017-2021 og útkomuspá fyrir árið 2022. Ef skoðuð eru einstök ár virðist hlutfallslega mesta aukning kostnaðar vera árin 2019-2020, um 10,6% (9,6%), en útkomuspá gera ráð fyrir 8% (9,4%) hækkun rekstrarkostnaðar á árinu 2022.



### Mynd 3




### Mynd 4




Litið til þróunar launa og launatengdra gjalda (án breytinga á lífeyrisskuldbindingum) í hlutfalli við heildartekjur sést að hlutfallið helst nokkuð stöðugt á tímabilinu 2017-2019. Árið 2020 hækkar hlutfallið og er helst það sama á árinu 2021 sem er 57,6% (50,9%) en útkomuspár gera svo ráð fyrir að hlutfallið lækki í 56,5% árið 2022. Á mynd 5 sést þróunin á tímabilinu 2017-2021 og útkomuspá 2022.

## Mynd 5



Litið til þróunar í öðrum rekstrarkostnaði þá var hlutfallið um 33,1% (A+B 31,4%) árið 2017 eins og mynd 6 sýnir. Á tímabilinu 2018-2020 fer hlutfallið hækkandi en lækkar á árinu 2021 35,1% (A+B 32,2%) og jafnframt gera útkomuspár ráð fyrir enn lægra hlutfalli.

## Mynd 6




### 3.3 Framlegð (EBITDA)


Við samanburð á framlegð er litið til framlegðar fyrir afskriftir (EBITDA). Á myndum 7 og 8 sést þróunin árin 2017-2021 og útkomuspá fyrir árið 2022. Árið 2021 var samanlögð framlegð

sem hlutfall af heildartekjum 3,7% (A+B 13,9%). Hlutfallið lækkaði nokkuð milli árunna 2018-2020 og var 3,0% (A+B 12,6%) árið 2020. Útkomuspá gerir ráð fyrir að framlegð ársins 2022 hækki lítillega hjá A-hluta og verði um 4,0% (A+B 13,7%).

### Mynd 7



### Mynd 8




Á árinu 2010 setti eftirlitsnefndin sér vinnureglur um tiltekin viðmið varðandi heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélaga sem og um framlegð rekstrar í A-hluta reikningsskilanna. Var við það miðað að fjármál sveitarfélags yrðu skoðuð sérstaklega ef heildarskuldir væru yfir 150% af heildartekjum í A-hluta reikningsskilanna. Jafnframt var litið til peningalegra eigna á móti skuldum, framlegðar frá rekstri og fleiri þátta. Framlegð frá rekstri er sú fjárhæð sem rekstur sveitarfélagsins leggur til greiðslu vaxta og afborgana af skuldum, auk fjárfestinga. Eftirlitsnefndin setti einnig fram viðmið um 15-20% framlegð frá rekstri til að standa undir

framtíðarskuldbindingum þegar þær nema 150% af heildartekjum. Með nýjum sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi 1. janúar 2012 var 150% skuldaviðmið lögfest vegna skulda og skuldbindinga fyrir A- og B-hluta.


### 3.4 Skuldir og skuldbindingar

Heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélaganna hafa fyrir A-hluta vaxið úr 325 milljörðum króna í 453 milljarða króna á tímabilinu 2017-2021 eða um 39,5%. Skuldir A- og B-hluta hafa á sama tímabili vaxið um 33,6% og voru 777 milljarðar króna árið 2021. Nettó skuldir A-hluta (heildarskuldir að frádregnum peningalegum eignum án eigin fyrirtækja) hafa á sama tímabili vaxið úr 250 milljörðum króna í 353 milljarða króna eða um 41,4%. Nettó skuldir A- og B-hluta hafa á sama tímabili vaxið um 32,6% og eru um 614 milljarðar króna árið 2021. Myndir 9 og 10 sýna þróunina á umræddu tímabili.

#### Mynd 9




## Mynd 10




Heildarskuldir og skuldbindingar sem hlutfall af heildartekjum (myndir 11 og 12) námu 103% (A+B 143%) árið 2017 en voru 112% (A+B 153%) árið 2021. Útkomuspár fyrir árið 2022 gera ráð fyrir að hlutfallið hækki enn frekar fyrir A-hluta en lækki fyrir A- og B-hluta og verði 115% (A+B 151%). Nettó skuldir (heildarskuldir að frádrögnum peningalegum eignum, án eigin fyrirtækja) hafa á tímabilinu 2017-2021 hækkað úr 79% (A+B 114%) í 87% (A+B 121%) árið 2021. Útkomuspár fyrir árið 2022 gera ráð fyrir hækkanandi hlutfalli og verði í 90% (A+B 123%).

## Mynd 11



Eins og áður segir hefur eftirlitsnefndin sett sér viðmið um 15-20% framlegð frá rekstri og er þá miðað við 150% skuldahlutfall. Miðað við raunstöðu skulda árið 2021 eru nettó skuldir og skuldbindingar um 87% (121%) (sjá mynd 12) og framlegð er 3,7% (13,9%) (sjá mynd 8).

### Mynd 12




Þegar litið er á samanlagðan rekstur er hægt að miða við að þegar framlegðin nær 10-12% og nettó skuldahlutfallið er um 100% sé ákveðnu jafnvægi náð varðandi getu til að greiða afborganir skulda. Með sama hætti er hægt að miða við að þegar framlegðin nær 15-20% og nettó skuldahlutfallið er um 150% sé ákveðnu jafnvægi náð varðandi getu til að greiða afborganir af skuldum. Þó ber að hafa í huga að viðmið eftirlitsnefndarinnar nær ekki nema að takmörkuðu leyti til fjárfestinga vegna skuldsettari sveitarfélaga og því þarf framlegð þeirra að vera umfram viðmið til að standa einnig undir fjárfestingu þar sem stærri hluti framlegðar fer til niðurgreiðslu skuldanna svo skuldaviðmiði laganna verði náð.


### 3.5 Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða sveitarfélaganna hefur á undanförunum árum verið nokkuð sveiflukennð eins og mynd 13 um þróun rekstrarniðurstöðu í milljónum króna ber með sér. Árin 2017-2019 var jákvæð afkoma en mikill viðsnúningur varð árið 2020. Afkoman batnaði árið 2021 fyrir A- og B-hluta en það er áfram neikvæð afkoma í A-hluta sem var um 8,7 milljörðum (A+B 20). Útkomuspár ársins 2022 ráð fyrir að afkoman verði neikvæð um 16,8 milljarða (A+B 22,9) en afkoman í A- og B-hluti verður jákvæð. Mynd 14 sýnir hver þróunin er sé litið til hlutfalls rekstrarhagnaðar/taps á móti heildartekjum.

**Mynd 13**



**Mynd 14**




### 3.6 Veltufé frá rekstri

Veltufé frá rekstri segir til um hvaða fjármuni sveitarfélag hefur úr eigin rekstri til að greiða afborganir vegna skulda og skuldbindinga. Þannig er veltufé frá rekstri til marks um það hversu

há fjárhæð er til ráðstöfunar eftir að búið er að greiða rekstrarkostnað, s.s. vexti og annan kostnað sem tilheyrir rekstri sveitarfélags. Rétt er að taka fram að veltufé frá rekstri er einnig ætlað að greiða fyrir fjárfestingar sveitarfélags en fjármögnun þeirra, sem og afborganir af skuldum, geta einnig verið með nýjum lánum eða samblandi beggja þátta.

Þróun veltufjár frá rekstri á tímabilinu 2017-2021 er sýnd á mynd 15. Þar kemur fram að veltufé frá rekstri árið 2017 var um 33 milljarðar króna (A+B 67) og var sambærilegt árin 2018-2019. Mikil lækkun varð árið 2020 og enn meiri árið 2021 og nam veltufé frá rekstri um 15 milljarðar króna (A+B 55). Útkomuspár fyrir árið 2022 gera svo ráð fyrir sambærilegri stöðu og verði 15,6 milljarðar króna (A+B 55,7).

### Mynd 15




Vert er að undirstrika að mikilvægt er að horfa til hlutfallslegra þátta þegar þróunin á tímabilinu 2017-2021 er skoðuð. Þrátt fyrir að veltufé frá rekstri hafi hækkað í krónum á milli ára er ekki þar með sagt að sveitarfélögin hafi haft hlutfallslega úr meiri verðmætum að spila. Við samanburðinn þarf að hafa í huga verðlagsþróun á tímabilinu.

Við skoðun á þróun á veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum árin 2017-2021 sést að hlutfallið hefur verið að lækka fyrir A-hluta frá árinu 2018 (mynd 16). Hlutfallið var þannig árið 2018 um 11,4% (A+B 18,0%) en er árið 2021 um 3,8% (11%). Útkomuspár gera svo ráð fyrir enn meiri lækkun.

Eitt af lágmarksviðmiðum eftirlitsnefndarinnar snýr að veltufé frá rekstri sem hlutfall af rekstrartekjum. Við það er miðað að sveitarfélag sem skuldar um 150% af tekjum sínum þurfi að hafa veltufé frá rekstri um 7,5% af rekstrartekjum. Á sama hátt nær viðmiðið til 5% hlutfalls borið saman við 100% skuldahlutfall. Við skoðun á heildarfjármálum sveitarfélaga er rétt að hafa til hliðsjónar viðmið um veltufé frá rekstri þegar þróun skulda er skoðuð. Hlutfallið er rétt undir lágmarksviðmiðinu 2021 fyrir A-hluta og útkomuspár gera ráð fyrir að hlutfallið verði enn undir lágmarksviðmiðinu.




## Mynd 16



Til frekari skoðunar á þróun veltufjár frá rekstri má skoða fjárhagslegt viðmið um hlutfall nettó skulda (peningaleg staða) á móti veltufé frá rekstri. Þróunin á tímabilinu 2017-2021 er reiknað hlutfall fyrir hvert ár og sýnir mynd 17 hvernig það hefur þróast undanfarin ár. Hlutfallið sýnir þannig hversu mörg ár það tæki sveitarfélag að greiða nettó skuldir sínar miðað við að veltufé frá rekstri á viðkomandi ári sé eingöngu notað til niðurgreiðslu skulda.

## Mynd 17



Reiknað hlutfall sýnir þannig að árið 2017 tæki um 8 ár fyrir A-hluta (A+B 7 ár) að greiða upp nettó skuldir miðað við þessar gefnu forsendur. Skoðun á hlutfallinu fyrir A- og B-hluta sýnir að á tímabilinu 2017-2019 hefur hlutfallið verið frekar svipað. Aftur á móti hækkar hlutfallið og fyrir árið 2021 sýnir að það tæki um 23 ár fyrir A-hluta (A+B 11 ár) að greiða upp nettó skuldir sveitarfélaganna miðað við stöðu skuldanna í árslok 2021. Hlutfallið hækkar jafnframt aðeins í útkomuspá 2021 þar sem veltufé frá rekstri lækkar milli ára sem og nettó skuldir eru að hækka.

## 4. Viðmiðanir, lágmarksviðmið og lykiltölur

Með sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 voru sett viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Viðmiðin er að finna í 64. gr. laganna:

„Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Skyldu skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að:

1. samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum, og
2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Með bráðabirgðaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum er sveitarstjórnnum heimilt að víkja frá ofangreindum skilyrðum fyrir árin 2020-2025.

Ráðherra skilgreinir í reglugerð nánar þau viðmið sem lögð eru til grundvallar skv. 2. mgr., þar á meðal um útgjöld, tekjur, eignir, kuldir og skuldbindingar og aðlögun sveitarfélaga að þeim. Þar skal jafnframt heimilt að undanþiggja nánar tilgreindar kuldir eða skuldbindingar einstakra sveitarfélaga þannig að þær hafi engin eða aðeins hlutfallsleg áhrif skv. 2. tölul. 2. mgr.“

Samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 502/2012 skal eftirlitsnefndin reikna m.a. eftirfarandi lykiltölur við yfirferð á ársreikningum sveitarfélaga:

1. Reiknast sem hundradshluti af reglulegum tekjum:
  - a. Framlegð.
  - b. Rekstrarniðurstaða.
  - c. Veltufé frá rekstri.
  - d. Skuldahlutfall.
  - e. Skuldaviðmið.
2. Aðrar lykiltölur:
  - a. Veltufjárhlutfall.
  - b. Vaxtaberandi kuldir og skuldbindingar sem hlutfall af veltufé frá rekstri.
  - c. Peningaleg staða.

Við skoðun á lykiltölum samkvæmt þessari grein skal eftirlitsnefndin meta sérstaklega reikningsskil A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar.

Eftirlitsnefndin leggur áherslu á eftirfarandi grundvallaratriði við samanburð á rekstri og fjárhagsstöðu sveitarfélaga:

**Úr rekstri:**

1. Heildartekjur, þ.e. allar reglulegar rekstrartekjur auk óreglulegra tekna
2. Laun og annar rekstrarkostnaður
3. Framlegð (EBITDA), þ.e. reglulegar tekjur að fráðregnum rekstrargjöldum öðrum en afskriftum af rekstrarfjármunum og fjármagnskostnaði, jafnframt reiknuð sem hlutfall af heildartekjum
4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld
5. Rekstrarniðurstaða

**Úr sjóðstreymi:**

6. Veltufé frá rekstri, jafnframt reiknað sem hlutfall af reglulegum tekjum
7. Fjárfestingarhreyfingar
8. Afborganir langtímalána og skuldbindinga, jafnframt í hlutfalli við veltufé frá rekstri

**Úr efnahagsreikningi:**

9. Veltufjárlutfall
10. Veltufjármunir og langtímakröfur
11. Skuldir og skuldbindingar (skuldahlutfall og skuldaviðmið)
12. Peningaleg staða (nettó skuldir), jafnframt sem hlutfall af reglulegum tekjum
13. Vaxtaberandi skuldir og skuldbindingar, jafnframt sem hlutfall af reglulegum tekjum
14. Eigið fé

Auk framangreindra lykilupplýsinga um heildarfjárhæðir og hlutföll koma einnig til skoðunar breytingar á milli ára ásamt útreikningum á hvern íbúa til samanburðar milli sveitarfélaga. Við athuganir á einstaka sveitarfélögum eru A-hluta reikningsskil skoðuð ásamt samstæðureikningsskilum en mjög mismunandi er hve mikil áhrif B-hluti reikningsskilanna hefur á fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga. Einnig er litið til ábyrgða sveitarfélaga.

Vegna yfirferðar á fjármálum sveitarfélaga hefur eftirlitsnefndin sett fram viðmiðanir sem byggðar eru á lágmarkskröfum vegna fjárhagslegra viðmiða, þ.e.a.s. taki mið af því að standast jafnvægis- og skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Viðmið þessi byggjast á mismunandi skuldahlutfalli og sýna þannig samspil við önnur viðmið þegar fjármál sveitarfélags eru skoðuð. Rétt er að benda á að við yfirferð fjárhagslegra viðmiða er nauðsynlegt að skoða þau í heild og er vert að benda á að sveitarfélög hafa með höndum mismunandi starfsemi, kjör og tækifæri við fjármögnun sem getur í sumum tilvikum haft áhrif á einstök viðmið. Mynd 20 sýnir yfirlit um lágmarksviðmið.

**Mynd 20**

## Lágmarksviðmið

Skuldahlutfall - nettó skuldir sem hlutfall af tekjum	50%	100%	150%	200%	250%
Framlegð sem hlutfall af tekjum	5,0%	10,0%	15,0%	20,0%	25,0%
Rekstrarniðurstaða	> 0	> 0	> 0	> 0	> 0
Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%
Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0
Ný lántaka / fjárfesting sem hlutfall af skuldum	5,0%	5,0%	5,0%	2,5%	0,5%
Endurgreiðslutími skulda	20 ár	20 ár	20 ár	20 ár	20 ár
Veltufjárhlutfall	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0
Viðmið vaxta	5,0%	5,0%	5,0%	5,0%	5,0%
Aðlögunartími				10 ár	10 ár

Ofangreind viðmið eru lágmarkskröfur og ekki er gert ráð fyrir nema takmarkaðri fjárfestingu þar sem svigrúm til nýrra fjárfestinga/lántöku hjá þeim sveitarfélögum sem skulda meira en 150% af tekjum sínum, er mun þrengra en þeirra sem skulda 150% og minna. Viðmið fyrir þau sveitarfélög sem skulda minna en 150% af tekjum gerir ráð fyrir óbreyttu skuldahlutfalli þeirra við skoðun á lágmarksviðmiðum, þ.e.a.s. ef sveitarfélag skuldar 100% af tekjum sínum eru viðmiðin til þess fallin að viðhalda 100% skuldahlutfalli. Framsetning viðmiða fyrir sveitarfélög sem skulda meira en 150% af tekjum sínum gerir ráð fyrir niðurgreiðslu skulda á 10 ára tímabili.

## 5. Yfirlit um helstu fjárhæðir og kennitölur

### Samantekin reikningskil allra sveitarfélaga

Sveitarfélögin	2022 útsp						2021						2020						2019						2018						2017					
	mkr.	A-hluti	A-hluti	A-hluti	A-hluti	A-hluti	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B												
Heildartekjur.....	438.687	404.790	368.738	354.001	335.080	315.713	552.974	506.551	470.186	453.683	430.098	405.412																								
Framlegð.....	17.636	14.869	11.042	30.686	34.511	30.269	75.570	70.165	59.441	79.076	82.708	74.284																								
Framlegð án leigugreiðslur.....	17.635	14.869	11.042	30.686	34.510	30.268	75.570	70.165	59.441	79.076	82.707	74.283																								
Fjármagnsliðir.....	-21.549	-11.126	-5.420	-3.287	-6.864	-4.663	-49.189	-28.054	-27.806	-20.659	-29.884	-6.701																								
Rekstramiðurstaða.....	-16.753	-8.768	-8.720	14.778	15.301	13.276	22.861	20.814	-2.056	29.804	27.130	41.502																								
Veltufé frá (til) rekstrar.....	15.557	15.522	19.009	34.612	38.049	33.025	55.693	55.165	52.120	70.110	77.108	67.382																								
Fjárfestingar.....	-54.400	-46.039	-41.146	-45.430	-45.749	-32.950	-89.827	-79.003	-77.101	-89.830	-80.095	-68.110																								
Afborganir langtímalána og skuldbindinga.....	-21.330	-27.782	-21.261	-25.767	-21.676	-16.409	-43.682	-58.794	-43.900	-49.664	-54.914	-38.733																								
Heildarskuldir og skuldbindingar.....	505.665	453.437	410.619	369.289	355.142	325.032	834.341	777.136	733.395	661.065	634.056	581.598																								
Nettó skuldir (frádragnar peningalegar eignir).....	396.404	353.736	315.963	288.529	274.037	250.154	680.087	614.448	581.303	532.114	501.668	463.391																								
Breyting heildartekna frá fyrra ári.....	8,4%	9,8%	4,2%	5,6%	6,1%	10,7%	9,2%	7,7%	3,6%	5,5%	15,9%	9,2%																								
Breyting skatttekna frá fyrra ári.....	8,1%	7,6%	4,1%	7,3%	8,9%	10,7%	8,0%	7,6%	4,1%	7,3%	20,6%	10,8%																								
Breyting jöfnunarsjóðs frá fyrra ári.....	6,7%	5,4%	2,0%	5,6%	5,4%	9,7%	6,7%	5,4%	2,0%	5,6%	15,6%	9,7%																								
Breyting aðrar tekjur frá fyrra ári.....	11,1%	25,1%	6,3%	-2,4%	-5,0%	11,7%	11,9%	8,6%	3,2%	2,5%	8,8%	6,7%																								
Breyting launa frá fyrra ári.....	6,2%	10,6%	11,8%	8,7%	4,6%	14,3%	6,5%	30,5%	21,7%	8,8%	19,0%	14,1%																								
Breyting annars rekstrarkostnaðar frá fyrra ári.....	3,5%	4,6%	7,0%	9,5%	10,8%	5,0%	7,4%	17,8%	14,8%	9,5%	13,5%	4,2%																								
Breyting heildar rekstrarkostnaðar frá fyrra ári.....	8,0%	9,0%	10,6%	7,6%	5,3%	10,4%	9,4%	25,6%	18,2%	7,8%	14,9%	9,5%																								
EBITDA (framlegðarhlutfall).....	4,0%	3,7%	3,0%	8,7%	10,3%	9,6%	13,7%	13,9%	12,6%	17,4%	19,2%	18,3%																								
EBITDAR (án leigugreiðslur).....	4,0%	3,7%	3,0%	8,7%	10,3%	9,6%	13,7%	13,9%	12,6%	17,4%	19,2%	18,3%																								
Laun í hlutfalli af heildartekjum.....	56,5%	57,6%	57,2%	53,3%	51,8%	52,6%	49,7%	50,9%	51,1%	47,4%	45,9%	46,7%																								
Annar rekstrarkostnaður í hlutfalli af heildartekjum.....	33,5%	35,1%	36,8%	35,8%	34,6%	33,1%	31,7%	32,2%	33,8%	33,4%	32,2%	31,4%																								
Rekstramiðurstaða í hlutfalli af heildartekjum.....	-3,8%	-2,2%	-2,4%	4,2%	4,6%	4,2%	4,1%	4,1%	-0,4%	6,6%	6,3%	10,2%																								
Veltufé frá (til) rekstrar í hlutfalli af heildartekjum.....	3,5%	3,8%	5,2%	9,8%	11,4%	10,5%	10,1%	11%	11%	15%	18%	16,6%																								
Veltufé frá (til) rekstrar í hlutf. af heildartekjum - Lágmarksviðmið.....	4,5%	4,4%	4,3%	4,1%	4,1%	4,0%	6,1%	6%	6%	6%	6%	5,7%																								
Fjárfestingar í hlutfalli af varanlegum rekstrarfjármunum.....	9,7%	8,7%	8,4%	9,8%	10,6%	8,4%	7,0%	6,6%	7,0%	8,5%	8,2%	7,7%																								
Fjárfesting í hlutfalli af skatttekjum.....	14,8%	13,5%	13,0%	14,9%	16,0%	12,5%	24,6%	23,3%	24,4%	29,5%	28,2%	26,0%																								
Skuldahlutfall.....	115%	112%	111%	104%	106%	103%	151%	153%	156%	146%	147%	143%																								
Skuldahlutfall nettó (að frádrægnum penl. eignum).....	90%	87%	86%	82%	82%	79%	123%	121%	124%	117%	117%	114%																								
Skuldaviðmið.....	78%	70%	67%	62%	63%	84%	114%	110%	104%	104%	104%	100%																								
Veltufjárhlutfall.....	1,01	1,09	1,15	1,05	1,10	1,18	1,02	1,23	1,21	1,12	1,15	1,05																								
Veltufjárhlutfall án eigin fyrirtækja.....	1,06	1,15	1,17	1,06	1,13	1,12	1,02	1,24	1,21	1,10	1,15	1,05																								
Veltufé f.rek. / Afborgun langt.skulda og skuldb.....	0,73	0,56	0,89	1,34	1,76	2,01	1,27	0,94	1,19	1,41	1,40	1,74																								
Nettó skuldir / veltufé frá rekstri ár.....	25	23	17	8	7	8	12	11	11	8	7	7																								
Nettó skuldir / afb. langt.skulda ár.....	19	13	15	11	13	15	16	10	13	11	9	12																								

## **A-hluti      Samanburður á ársreikningum 2021**

## Ársreikningur 2021

### Samanburður á sveitarfélögum A - hluti

Sveitarfélögin	0000 - Reykjavíkurborg	1000 - Kópavogsbær	1400 - Hafnarfjarðar kaupstaður	2000 - Reykjanesbær	6000 - Akureyrarkaupstaður	1300 - Garðabær	1604 - Mosfellsbær	8200 - Sveitarfélagið Árborg	3000 - Akraneskaupstaður	
Fjöldi íbúa.....	376.248	135.688	38.998	29.763	20.416	19.642	18.445	13.024	10.834	7.841
Heildartekjur.....	404.790	142.266	37.633	31.226	18.328	22.326	19.134	13.544	11.085	8.217
Framlegð.....	14.869	4.034	2.509	871	55	2.319	1.815	671	-930	290
Fjármagnsliðir.....	-11.126	-1.354	-1.554	-1.498	-744	-1.001	-875	-850	-833	193
Rekstramiðurstaða.....	-8.768	-3.850	-468	-1.480	2.170	318	-60	-618	-2.145	507
Veltufé frá (til) rekstrar.....	15.522	369	1.050	-14	872	2.106	2.469	938	-795	1.395
Heildarskuldir og skuldbindingar.....	453.203	144.585	42.855	46.306	27.874	24.918	21.879	18.124	20.098	6.010
Nettó skuldir (fráðregnar peningalegar eignir).....	353.501	107.521	36.712	38.882	22.074	18.443	19.471	15.889	17.657	3.315
EBITDA (framlegðarhlutfall).....	4%	3%	7%	3%	0%	10%	9%	5%	-8%	4%
Laun í hlutfalli af heildartekjum.....	61%	60%	59%	61%	61%	61%	52%	55%	70%	90%
Annar rekstrarkostnaður í hlutfalli af heildartekjum.....	35%	37%	34%	37%	39%	28%	38%	40%	38%	6%
Rekstramiðurstaða í hlutfalli af heildartekjum.....	-2%	-3%	-1%	-5%	12%	1%	0%	-5%	-19%	6%
Veltufé frá (til) rekstrar í hlutfalli af heildartekjum.....	4%	0%	3%	0%	5%	9%	13%	7%	-7%	17%
Veltufé frá (til) rekstrar í hlutf. af heildartekjum - Lágmarksviðmið.....	4%	4%	5%	6%	6%	4%	5%	6%	8%	2%
Fjárfestingar í hlutfalli af varanlegum rekstrarfjármunum.....	9%	11%	4%	8%	5%	7%	13%	8%	17%	16%
Fjárfestingar í hlutfalli af skatttekjum.....	14%	15%	6%	13%	9%	11%	26%	14%	30%	15%
Skuldahlutfall.....	112%	102%	114%	148%	152%	112%	114%	134%	181%	73%
Skuldahlutfall nettó (að fráðregnum penl. eignum).....	87%	76%	98%	125%	120%	83%	102%	117%	159%	40%
Skuldaviðmið útreiknað.....	70%	61%	86%	104%	103%	61%	83%	104%	141%	20%
Veltufjárhlutfall.....	1,1	1,5	0,6	0,6	0,8	1,6	0,8	0,8	0,6	1,9
Veltufjárhlutfall án eigin fyrirtækja.....	1,2	1,5	0,6	0,8	1,2	1,5	0,6	0,8	0,7	1,9
Veltufé f.rek. / Afborgun langt. skulda og skuldb.....	0,6	0,1	0,5	0,0	0,1	3,0	1,8	0,8	-0,7	2,4
Vaxtab. skuldir og skuldb. með lífeyrisskb./ Veltufé f.rek. ár.....	24	336	33	-2.778	26	10	8	17	-21	3
Heildartekjur per íbúa þús.kr.....	1.076	1.048	965	1.049	898	1.137	1.037	1.040	1.023	1.048
Skatttekjur per íbúa þús.kr.....	774	814	779	767	642	726	805	726	667	714
Jöfnunarsjóður per íbúa þús.kr.....	130	65	47	96	145	198	66	166	158	197
Laun og launat. per íbúa þús.kr.....	659	631	571	637	544	696	541	571	720	943
Heildarskuldir og skuldb. á íbúa þús.kr.....	1.205	1.066	1.099	1.556	1.365	1.269	1.186	1.392	1.855	766
Nettó skuldir á íbúa þús.kr.....	940	792	941	1.306	1.081	939	1.056	1.220	1.630	423



## Ársreikningur 2021

### Samanburður á sveitarfélögum A - hluti

	7300 - Fjarðabyggð	7400 - Múlaþing	1100 - Seltjarnarne skaupstaður	8000 - Vestmannaeyj abær	5200 - Sveitarfélagið Skagafjörður	3609 - Borgarbyggð	4200 - Ísafjarðar bær	2510 - Suðurnesja bær	2300 - Grindavíkur bær	6100 - Norðurþing
Fjöldi íbúa.....	5.206	5.057	4.720	4.414	4.090	3.868	3.840	3.753	3.585	3.041
Heildartekjur.....	6.654	6.777	4.704	4.849	5.697	4.390	4.986	4.456	3.732	4.234
Framlegð.....	160	316	-356	129	-81	120	-156	237	232	328
Fjármagnsliðir.....	-306	-366	-50	186	-279	-62	-256	-115	10	-138
Rekstramiðurstaða.....	-437	-287	-566	137	-417	-86	-568	-84	12	46
Veltufé frá (til) rekstrar.....	394	438	205	625	255	473	214	371	452	516
Heildarskuldir og skuldbindingar.....	10.000	7.704	6.095	5.875	7.704	3.630	6.715	3.763	1.954	4.950
Nettó skuldir ( fráðregnar peningalegar eignir).....	9.234	6.763	4.150	3.060	6.757	2.807	5.780	2.690	353	3.698
EBITDA (framlegðarhlutfall).....	2%	5%	-8%	3%	-1%	3%	-3%	5%	6%	8%
Laun í hlutfalli af heildartekjum.....	71%	91%	69%	64%	72%	66%	66%	55%	61%	64%
Annar rekstrarkostnaður í hlutfalli af heildartekjum.....	26%	4%	11%	34%	29%	6%	37%	3%	32%	29%
Rekstramiðurstaða í hlutfalli af heildartekjum.....	-7%	-4%	-12%	3%	-7%	-2%	-11%	-2%	0%	1%
Veltufé frá (til) rekstrar í hlutfalli af heildartekjum.....	6%	6%	4%	13%	4%	11%	4%	8%	12%	12%
Veltufé frá (til) rekstrar í hlutf. af heildartekjum - Lágmarksviðmið.....	7%	5%	4%	3%	6%	3%	6%	3%	0%	4%
Fjárfestingar í hlutfalli af varanlegum rekstrarfjármunum.....	6%	5%	5%	12%	7%	8%	2%	8%	10%	4%
Fjárfestingar í hlutfalli af skatttekjum.....	9%	5%	9%	24%	12%	12%	3%	14%	25%	5%
Skuldahlutfall .....	150%	114%	130%	121%	135%	83%	135%	84%	52%	117%
Skuldahlutfall nettó (að fráðregnum penl. eignum).....	139%	100%	88%	63%	119%	64%	116%	60%	9%	87%
Skuldaviðmið útreiknað.....	119%	85%	68%	13%	103%	42%	89%	46%	-3%	66%
Veltufjárhlutfall.....	0,3	0,7	0,6	2,3	0,5	1,2	0,6	1,8	2,6	1,4
Veltufjárhlutfall án eigin fyrirtækja.....	0,5	0,6	0,6	3,9	0,7	1,0	0,9	1,7	3,0	1,3
Veltufé f.rek. / Afborgun langt.skulda og skuldb.....	1,1	0,8	0,9	27,5	0,3	1,9	0,6	1,5	1.771,6	2,8
Vaxtab. skuldir og skuldb. með lífeyrisskb./ Veltufé f.rek. ár.....	18	15	26	7	24	6	25	9	3	8
Heildartekjur per íbúa þús.kr.....	1.278	1.340	997	1.099	1.393	1.135	1.299	3.291	1.041	1.392
Skatttekjur per íbúa þús.kr.....	904	751	766	789	758	723	737	2.114	734	772
Jöfnunarsjóður per íbúa þús.kr.....	213	411	74	153	399	295	254	711	220	280
Laun og launat. per íbúa þús.kr.....	911	1.221	691	698	1.006	750	862	1.807	638	886
Heildarskuldir og skuldb. á íbúa þús.kr.....	1.921	1.523	1.291	1.331	1.884	939	1.749	2.779	545	1.628
Nettó skuldir á íbúa þús.kr.....	1.774	1.337	879	693	1.652	726	1.505	1.987	99	1.216

## Ársreikningur 2021

### Samanburður á sveitarfélögum A - hluti

	8716 - Hveragerðisb ær	8717 - Sveitarfélagið Ölfus	7708 - Sveitarfélagi ð Hornafjörður	8613 - Rangárþing eystra	6250 - Fjallabyggð	6400 - Dalvíkur byggð	8614 - Rangárþin g ytra	3714 - Snæfellsbær	2506 - Sveitarfélagi ð Vogar	5508 - Húnaþing vestra
Fjöldi íbúa.....	2.984	2.481	2.450	1.971	1.966	1.860	1.810	1.666	1.354	1.226
